

Yfirlýsing frá stjórnarmanni Tals

Í tilefni af ítrekuðum fullyrðingum Þórdísar Sigurðardóttur, formanns stjórnar IP FjarSKIPTA (Tals) í fjölmiðlum um að forstjóri Tals, Hermann Jónasson, hafi ekki haft umboð stjórnar félagsins til að semja við Símann um aðgang að dreifikerfi þeirra, vil ég taka eftirfarandi fram:

Á stjórnarfundi Tals þann 11. desember sl. var eftirfarandi fært til bókar:

„HJ upplýsti stjórnina um að Símann hefði sagt upp reikisamningi þess s við Tal. Fundur hefði átt sér stað með PFS (póst- og fjarSKIPTASTOFNUN) þar sem PFS lagði áherslu á það við HJ að hann myndi leita allra leiða við lausn á málinu bæði hjá Símanum og Vodafone. HJ upplýsti stjórnina að hann væri búinn að senda bréf á bæði félögin (Vodafone og Símann) og að búíð væri að gera viðauka við samning Vodafone með fyrirvara sem gerði þeim kleift að reyna að fá undanþágu frá reglum PFS með því að skilgreina Tal sem viðSKIPTAVIN inn á kerfin sín. HJ sagði að staða Tals væri óviðunandi þar sem við blasir að viðSKIPTAVINIR Tals verða sambandslausir við hluta af landinu frá og með 1. janúar 2009 ef ekki næst að leysa málið með Vodafone eða samningi við Símann fyrir þann tíma. HJ var falið að leysa málið á næstu dögum með hag félagsins og viðSKIPTAVINA að leiðarljósi.“

Á fundi stjórnar Tals hinn 30. desember sl. höfðu engar athugasemdir verið gerðar við fyrrgreinda fundargerð og hafa raunar ekki enn komið fram. Þórdís Sigurðardóttir stjórnarfomaður hafði þó næg tækifæri allt frá fundinum 11. desember til að gera það. Það er því með öllu marklaust þegar hún heldur því fram að forstjóri Tals hafi ekki haft umboð til að semja við Símann.

Þórdís Sigurðardóttir hefur í fjölmiðlum í dag fullyrt að hægt hefði verið að tryggja fullan aðgang viðSKIPTAVINA Tals að farsímakerfi landsins með öðrum leiðum en með samningi við Símann. Vodafone hafði kynnt sínar hugmyndir að lausn á málinu en það var mat forstjóra, eftir að hafa ráðfært sig við lögmenn, að símanúmeraflutningur frá Tali til Vodafone, stæðist ekki lög. Því til viðbótar má nefna að Hermann Jónasson fékk það staðfest í tölvupósti frá Póst- og fjarSKIPTASTOFNUN að Vodafone hefði ekki verið í neinu sambandi við stofnunina varðandi þessa lausn né aðrar á reikivandamálum Tals.

Íslendingar þekkja það öðrum fremur hve mikilvæg landsdekkandi og örugg GSM þjónusta í strjálbýlu landi getur verið enda ótalmörg dæmi um að gott farsímasamband hefur skipt sköpum við björgun mannlífa. Því var óásættanlegt að horfast í augu við þá staðreynd að viðSKIPTAVINIR Tals yrðu nú um áramót, að öllu óbreyttu, sambandslausir á stórum landsvæðum. Það sjá allir ábyrgir menn að við því varð að bregðast án tafar.

Auðsýnt má því vera að forstjóri Tals hafði ekki önnur ráð innan ramma laga en taka tilboði Símans sem að auki var afar hagstætt og fól í sér A D landsdekkandi reikiþjónustu, lægri verð og aðgengi að 3-G þjónustu Símans svo fátt eitt sé upp talið. Þessi samningur við Símann breytir ekki því að Tal getur með reglulegu millibili boðið þjónustuna út og tekið hagstæðasta tilboðinu á hverjum tíma, þ.m.t. frá Vodafone eða öðrum farsímafyrirtækjum. Þannig getur Tal áfram tryggt sjálfstæði sitt sem leiðandi lággjalda farsímafyrirtæki í landinu.

Reykjavík 3. desember 2009,

Jóhann Óli Guðmundsson
stjórnarmaður